



Bændasamtök Íslands
Hagatorgi Bændahöll
107 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 19. maí 2020
Tilv.: ANR20050005/12.05

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vísar til erindis Bændasamtaka Íslands, dags. 30. apríl sl., þar sem þess er farið á leit við ráðuneytið að fallið verði frá úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarafurðir vegna tímabilsins júlí til desember 2020 sem úthlutað er á grundvelli samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Í því fælist jafnframt að tollkvótar myndu ekki færast yfir á árið 2021. Ástæður þess að óskað er eftir að fallið verði frá úthlutun tollkvóta á tímabilinu eru áhrif Covid-19 faraldursins á innlendra framleiðslu og markaðsaðstæður.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn utanríkisráðuneytisins við afgreiðslu erindisins. Þá voru niðurstöður á athugun ráðuneytanna einnig ræddar á ríkisstjórnarfundum í maí. Í samningi Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarafurðir er kveðið á um gagnkvæm viðskiptafríðindi samningsaðila. Samkvæmt samningnum hefur Ísland skuldbundið sig til að úthluta ákvæðnum tollkvótum fyrir landbúnaðarafurðir. Umræddur samningur hefur ekki að geyma heimildir fyrir annan hvorn samningsaðila til að falla frá úthlutun tollkvóta, að hluta eða öllu leyti. Verður því ekki séð að Íslandi sé heimilt einhliða að ákveða að falla frá úthlutun tollkvóta á tilteknu tímabili á grundvelli breyttra aðstæðna. Slíkt myndi teljast sem brot á samningnum. Þá er skýrt kveðið á um í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 að tollur skuli lækka, falla niður eða endurgreiddast í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Í lögum er ekki að finna heimild til að víkja frá ákvæðum samninganna.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki heimilt að falla frá úthlutun tollkvóta á tímabilinu júlí til desember 2020.

Hinn 28. febrúar sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra að ráðuneytin tvö framkvæmi úttekt á hagsmunum Íslands af samningnum með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið frá gildistöku hans. Í þeirri úttekt verður haft samráð við innlenda hagsmunaaðila, þar á meðal hagsmunasamtök framleiðenda, neytenda, útflytjenda og innflytjenda landbúnaðarafurða. Í framhaldi þeirrar úttektar verður tekin ákvörðun um hvort óskað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um endurskoðun gildandi samnings um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Asa Þórhildur Þórðardóttir



Elísabet Anna Jónsdóttir